

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um stofnun opinbers hlutafélags
um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík,
nr. 64/2010, með síðari breytingum (opinber framkvæmd).

(Eftir 2. umræðu, 27. mars.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

- a. 1. másl. 1. mgr. orðast svo: Markmið og tilgangur Nýs Landspítala ohf. er að standa að nauðsynlegum undirbúningi útboðs byggingar nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík.
- b. 2. mgr. fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo:
Um fullnaðarhönnun, byggingu og útboð hins nýja spítala skulu gilda lög um skipan opinberra framkvæmda, nr. 84/2001.
- b. Í stað „1. mgr.“ í 3. mgr. kemur: 1. mgr. 1. gr.
- c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Ráðherra er heimilt að ákveða að tilteknir skýrt afmarkaðir, minni byggingarhlutar, eða byggingar, séu boðnir út í formi langtímaleigu.

3. gr.

5. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík.**

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

